

Leikskólinn Eyrarvellir

Eineltisáætlun

Hvað er einelti ?

Það er endurtekið líkamlegt eða andlegt ofbeldi, þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem ekki kemur neinum vörnum við. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi þar sem gerandinn beitir hótunum og vill ráða yfir þolendunum.

Einelti getur verið mjög dulið.

Markmið

Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- Að starfsfólk, börn og foreldrar verði meðvituð um hvað er einelti
- Að koma í veg fyrir einelti
- Að samræma vinnubrögð
- Betri leikskóli

Forvarnarstarf: (leiðir til að koma í veg fyrir einelti)

Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- Eru umræður með börnum, starfsfólki og foreldrum.
- Kennum viðbrögð við einelti
- Kennum börnunum mun á réttu og röngu
- Höfða til samvisku barna
- Vinnum með tilfinningar
- Eflum sjálfstraust og sjálfsmynd barna

Greining

Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- Byrjum við á því að greina einelti með því að gera skráningar á eineltinu, hvar, hvenær og hvernig.
- Starfsfólk beri sig saman, allir hafi sama skilning á hvað er einelti. Þegar einelti hefur verið greint þarf að bregðast fljótt við.

Viðbrögð við einelti

Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- Deildarstjóri sem er með barn á deild fylgir þessu eftir og heldur utan um aðgerðir.
- Talar við foreldra, geranda og þolanda í sitt hvoru lagi.
- Ákveða á fundi með þeim til hvaða aðgerða skuli grípa ákv framhaldsfund aftur eftir c.a. ½ mánuð til þess að athuga hvernig gengur.
- Haldin er góð skráning yfir fundi og aðgerðir.
- Tala við börnin um einelti og virðingu og vinsemd
- Opna umræðu í leikskólanum
- Mynda öryggishóp um þolandann.
- Aðstoða barn við að finna sér nýja leikfélaga.

Viðbrögð ef aðgerðir virðka ekki

Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- Funda með foreldrum
- Fá leyfi fyrir utanaðkomandi aðstoð